



# Umsögn svæðisráðs um framkomnar athugasemdir við lýsingu



**Austfirðir**  
STRANDSVÆÐIS-  
SKIPULAG



Júlí 2020

## Inngangur

Lýsing fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum, þar sem mótuð verður stefna um nýtingu og vernd á strandsvæðum Austfjarða, var auglýst 7. maí í samræmi við 11. gr. laga um skipulag á haf- og strandsvæðum. Frestur til að skila inn skriflegum athugasemdum var til 1. júní.

Lýsingin var auglýst í Fréttablaðinu, Bændablaðinu og í Dagskránni á Austurlandi. Þá var hún kynnt á hafskipulag.is, skipulag.is og á Facebook síðu Skipulagsstofnunar. Þá var óskað eftir því við aðliggjandi sveitarfélög og Austurbrú að þau aulýstu lýsinguna á heimasíðum sínum. Jafnframt var lýsingin kynnt fyrir ráðgefandi aðilum, aðliggjandi sveitarfélögum og hafnarstjórnnum, samráðshóp og öðrum aðilum sem hagsmuna eiga að gæta eða búa yfir þekkingu á náttúrufari eða nýtingu á svæðinu (sjá nánar í [lýsingu fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum](#)).

Haldnir voru tveir kynningarfundir þar sem kynnt var fyrirhuguð vinna við gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum. Annars vegar var um að ræða netfund með sveitar- og hafnarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga og hins vegar opinn kynningafundur sem streymt var á Facebook síðu Skipulagsstofnunar. Á opna fundinum gafst þátttakendum tækifæri til að senda inn spurningar sem svarað var í lok fundar. Fundurinn var auglýstur í Fréttablaðinu, Bændablaðinu og í Dagskránni á Austurlandi. Einnig voru þeir kynntir með tölvupósti á áðurgreinda hópa og með auglýsingum á hafskipulag.is, skipulag.is og Facebook síðu Skipulagsstofnunar. Jafnframt var óskað eftir því við aðliggjandi sveitarfélög og Austurbrú að þau vektu athygli á fundunum á sínum heimasíðum.

Á kynningartíma lýsingar í maí og fram í júní bárust athugasemdir frá 20 aðilum, sex sem eiga eingöngu við gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum og 14 sem eiga sameiginlega við gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum og Vestfjörðum. Hér er birt samantekt á skriflegum athugasemdum sem bárust við lýsinguna og viðbrögð svæðisráðs við þeim.

### INNKOMNAR ATHUGASEMDIR

Athugasemdir við lýsingu fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum bárust frá eftirfarandi aðilum:

- Benedikt Vilhjálmsson Warén, dags. 12. maí 2020
- Djúpavogshreppur, dags. 15. maí 2020
- Fiskeldi Austfjarða, dags. 8. júní 2020
- Fjarðabyggð, dags. 27. maí 2020
- Íris Birgisdóttir, dags. 1. júní 2020
- Seyðisfjarðarhöfn, dags. 3. júní 2020

Sameiginlegar athugasemdir við lýsingu fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum og Austfjörðum bárust frá eftirfarandi:

- Davíð Freyr Jónsson, dags. 8. maí 2020
- Hafrannsóknastofnun, dags. 3. júní 2020
- ICECAL, dags. 11. maí 2020
- Landhelgisgæsla Íslands, dags. 29. maí 2020
- Matvælastofnun, dags. 27. maí 2020
- Minjastofnun Íslands, dags. 29. maí 2020

- Samgöngustofa, dags. 29.maí 2020
- Samtök dragnótamanna, dags. 29.maí 2020
- Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, dags. 8. júní 2020
- Samtök útivistarféлага, dags. 15.maí 2020
- Umhverfisstofnun, dags. 29.maí 2020
- Veðurstofa Íslands, dags. 25.maí 2020
- Vegagerðin, dags. 18. júní 2020
- Æðarræktarfélag Íslands, dags. 31.maí 2020

Í erindum Djúpavogshrepps, Hafrannsóknastofnunar og Matvælastofnunar kemur fram að ekki séu gerðar athugasemdir við lýsinguna. Í öðrum erindum eru settar fram ýmsar ábendingar og hugmyndir. Hér að neðan er gefin samantekt á helstu efnisatriðum umsagnanna og viðbrögð svæðisráðs þar sem því er lýst hvernig unnið verður með viðkomandi atriði við mótun tillögu að strandsvæðisskipulagi fyrir Austfirði. Nálkast má afrit af athugasemdunum í heild sinni á [hafskipulag.is](https://hafskipulag.is).

Athugasemdirnar beindust að eftirfarandi meginmálaflokkum: Viðfangsefni og áherslur; forsendugreining; umhverfismat og aðrar áætlanir; og aðrar athugasemdir. Athugasemdirnar eru flokkaðar eftir þessum málaflokkum og, þar sem það á við, eru gefin sameiginleg svör við sambærilegum athugasemdum.

# Áherslur og viðfangsefni

## HELSTU ATRÍÐI FRAMKOMINNA ATHUGASEMDA

**Samgöngustofa** bendir á mikilvægi þess að afmarkaðar séu öruggar og greiðar siglingaleiðir til hafna þar sem ekki fari fram önnur starfsemi sem truflað geti öryggi siglinga. Stofnunin telur að siglingaleiðir eigi að ganga fyrir annarri nýtingu sjávar og annars konar atvinnustarfsemi verði skipulögð utan afmarkaðra siglingaleiða. Samgöngustofa bendir jafnframt á að við afmörkun slíkra siglingaleiða sé mikilvægt að hafa samráð við sem flesta aðila sem að þessum málum koma, s.s. Landhelgisgæsluna, Félag skipstjórnarmanna, Vegagerðina og Samgöngustofu auk heimamanna og annarra þeirra sem mest sigla um firðina. Þá bendir stofnunin á að tryggð sé góð og örugg aðkoma að höfnum frá sjó og gætt sé að stækkunar- og þróunarmöguleikum hafna.

**Umhverfisstofnun** bendir á að Ísland er aðildarríki að samningi um líffræðilega fjölbreytni og hafi sem slíkt samþykkt 20 markmið (Aichimarkmiðin) árið 2010 fyrir framkvæmd hans til ársins 2020. Eitt þessara markmiða er að vernda að minnsta kosti 10% hafsvæða. Umhverfisstofnun leggur til að við vinnslu skipulagsins verði metið hvort tilefni sé til að skilgreina verndarsvæði á hafi.

Í athugasemd **Umhverfisstofnunar** er einnig fjallað um tilhögun meðhöndlunar á úrgangi frá fiskeldi eins og dauðum fiski, þ.e. hvort hann sé endurnýttur eða sendur til urðunar. Þá er einnig fjallað um frárennsli fiskeldis og nefnt að það sé að mestu næringarefni köfnunarefni og fosfór. Í því samhengi er í umsögninni fjallað um forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs, en forðast ætti að urða lífrænan úrgang. Stofnunin telur mikilvægt að í tillögu að strandsvæðisskipulagi sé fjallað um meðhöndlun úrgangs frá fiskeldi.

**Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi** telja mikilvægt að fiskeldi verði áfram sköpuð góð skilyrði til uppbyggingar og verði þannig áfram sterk og öflug atvinnugrein á Austfjörðum og Vestfjörðum og í því samhengi er vísað til útflutningsverðmæta fiskeldisafurða. Samtökin telja að með tilkomu nýs áhættumats erfðablöndunar sé fyrirhuguð stórfelld aukning í laxeldi á komandi árum með tilheyrandi jákvæðum áhrifum fyrir íslenskt þjóðfélag, einstaka byggðir og sveitarfélög og innviði. Þá er einnig bent á stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga ásamt stefnumörkun Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga varðandi fiskeldi. Í þessu samhengi óskar SFS þess að við gerð strandsvæðisskipulagsins verði fullt tillit tekið til eftirfarandi sjónarmiða: Í fyrsta lagi að tekið verði tillit til fiskeldis sem þegar hefur farið í gegnum mat á umhverfisáhrifum og svigrúm verði gefið til tilfærslu eldiskvíá innan þess svæðis sem umhverfismatið nær til og að eldissvæði verði nægilega rúm í strandsvæðisskipulagi. Í öðru lagi að tekið verði tillit til fiskeldissvæða sem eru í umhverfismatsferli og í þriðja lagi er óskað eftir að tekið verði tillit til mögulegra uppbyggingasvæða fiskeldis t.d. á svæðum sem hafa ekki verið burðarþolsmetin. Lögð eru fram gögn þar sem eldisfyrirtæki hafa gert grein fyrir sínum framtíðaráformum, ekki tæmandi.

Þá leggja **Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi** áherslu á að þó að félagið telji rétt að framkomnar upplýsingar verð lagðar til grundvallar við gerð strandsvæðisskipulagsins felist ekki í því krafa um að önnur nýting verði útilokuð á svæðum ætluðum fiskeldi. Félagið telur þó nauðsynlegt að svigrúm verði til tilfærslu kvía og framtíðar uppbyggingar.

**Samtök útivistarfélaga** vísar í skilgreiningu á vistkerfisnálgun og veltir því upp hver eigi að tryggja bestu vísindalegu þekkingu sem vitnað er til í skilgreiningu á vistkerfisnálgun og hvað sé lagt til grundvallar við mótun heildarsýnar um málefni hafsins, sbr. áherslur í lýsingu, og er þar sérstaklega vísað til fiskeldis í þessu samhengi. Í athugasemdunum er einnig óskað eftir skýringum á hugtakinu seigla.

**Samtök dragnótamanna** reifa áhyggjur sínar af því að strandsvæðisskipulag hafi neikvæð áhrif á framtíð dragnótarveiða og benda á að veiðarnar séu háðar botnlagi og dýpi og að veiðisvæðin séu aðallega á fjörðum og flóum. Samtökin hvetja skipulagsyfirvöld til þess að skerða ekki veiðisvæði strandveiða með dragnót.

**Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi** fjalla einnig um dragnótaveiðar og þau náttúrufarslegu skilyrði sem þarf til veiðanna. Samtökin benda á að með reglugerð nr. 963/2019 um veiðar með dragnót við Ísland er skilgreint svæði þar sem veiðar með dragnót eru leyfðar og telja samtökin að mikilvægt sé að það svæði verði ekki takmarkað umfram það sem þegar hefur verið gert með reglugerðinni. Í athugasemdinni eru tilgreind þau svæði sem hafa verið nýtt til dragnótaveiða.

**Æðarræktarfélag Íslands** fjallar um mikilvægi strandsvæða sem búsvæði æðarfugls og þau áhrif sem starfsemi á strandsvæðum hefur á vöxt og viðgang tegundarinnar. Félagið leggur áherslu á að til þess að hægt sé að leggja mat á áhrif annarrar starfsemi á búsvæði æðarfugla þurfi að liggja fyrir rannsóknir á núverandi stöðu búsvæðanna og að slíkar rannsóknir séu forsenda fyrir veitingu leyfa til nýtingar. Þá leggur félagið áherslu á að nauðsynlegt sé að rannsaka og vakta áhrif sjókvíaeldisstöðva og stækkunar þeirra á lífríki sjávar og þar með vöxt og viðkomu æðarfugls. Sama á við um vinnslu sjávargróðurs. Einnig eru nefnd möguleg áhrif af kalkþörungavinnslu, olíumengun og öflun sjávarfangs á grunnslóðum, til dæmis hrognkelsaveiðar á búsvæði æðarfugls.

**ICECAL** vill koma þeim ábendingum á framfæri að víða á Vestfjörðum og Austfjörðum eru kalkþörungasetlög sem hægt væri að nýta. Fyrirtækið telur mikilvægt að tekið sé mið af mögulegri nýtingu kalkþörungum og bendir á að kalkþörungar eru nú þegar nýttir á Vestfjörðum. Á Austfjörðum séu þekkt svæði og telur fyrirtækið æskilegt að þau svæði séu ekki ætluð til annarra nytja nema nauðsynlegt sé og þá með formlegu mati á hagsmunum og forgangi.

## UMSÖGN SVÆÐISRÁÐS

Í innsendum athugasemdum og ábendingum við lýsinguna er lýst fjölbreyttum sjónarmiðum hvað varðar nýtingu og vernd á strandsvæðum Austfjarða þ.á.m sjókvíaeldi, veiðar, efnistöku, æðarrækt og náttúruvernd. Bent er á að eitt af markmiðum strandsvæðisskipulags á Austfjörðum er að stuðla að fjölbreyttri nýtingu og vernd náttúru og menningarminja. Hlutverk strandsvæðisskipulags er að horfa heildstætt á hagsmuni og sjónarmið um nýtingu og vernd á svæðinu og vega þessi þætti saman þegar framtíðarnýting svæðisins er ákveðin. Í þessu samhengi verður horft til framkominna sjónarmiða Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtaka dragnótamanna, Æðarræktarfélags Íslands og ICECAL um nýtingu og vernd á strandsvæðum og metin áhrif af nýtingu og vernd á umhverfi og samfélag. Við gerð strandsvæðisskipulagsins verður horft til ýmissa gagna um fyrirliggjandi starfsemi og upplýsinga um náttúrufar og dýralíf eins og getið er um lýsingu. Vegna ábendinga Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi um mál sem eru í umhverfismatsferli þá er bent á að horft verður til útgefna leyfa og mála sem eru í vinnslu á grundvelli II ákvæðis til bráðabirgða í lögum um fiskeldi auk þess sem horft verður til skiptingar fjarða og flóa í eldissvæði þar sem það liggur fyrir.

Svæðisráð tekur undir ábendingar **Samgöngustofu** um mikilvægi öruggra og greiðra siglingaleiða til og frá höfnum. Eitt af viðfangsefnum strandsvæðisskipulags á Austfjörðum er að fjalla um umferð á strandsvæðum og eru því siglingaleiðir málefni sem tekin verður afstaða til í skipulagsvinnunni. Varðandi ábendingu **Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi** um að ein nýting útiloki ekki endilega aðra er bent á að sum nýting er þannig í eðli sínu að ekki er mögulegt að nýta sama svæðið undir aðra starfsemi, á það til dæmis við um afmarkaðar siglingaleiðir. Við afmörkun siglingaleiða verða nýtt gögn um siglingaferla skipa frá Artic Ship Traffic Data. Gögnin veita upplýsingar staðsetningu megin þunga umferðar um skipulagssvæðið. Vegna ábendinga um samráð við afmörkun siglingaleiða er bent á að viðtækt samráð er haft við mótun strandsvæðisskipulags á Austfjörðum þar sem meðal annars er leitað eftir sjónarmiðum Landhelgisgæslunnar, Samgöngustofu, Vegagerðarinnar og almennings. Félagi skipstjórnarmanna verður bætt á lista yfir aðra aðila sem leitað verður til eftir ábendingum.

Hvað varðar vernd hafsvæða þá er vernd náttúru og menningarminja eitt af viðfangsefnum strandsvæðisskipulagsins og verður því í skipulaginu fjallað um vernd á strandsvæðum Austfjarða. Meðal annars verður horft til Samnings um líffræðilega fjölbreytni við gerð strandsvæðisskipulagsins og umhverfismats þess.

Vegna ábendinga **Umhverfisstofnunar** um frárennsli frá fiskeldi og úrgangsméðhöndlun þá er bent á að meðhöndlun frárennslis frá byggð og starfsemi á landi er í höndum viðkomandi sveitarfélags og viðfangsefni aðalskipulags (sjá einnig undir „Forsendur“). Losun frárennslis til sjávar getur haft áhrif á nýtingu og vernd á strandsvæðum og hefur þannig áhrif á ákvarðanir sem teknar eru í strandsvæðisskipulagi. Málefnið er því mikilvægt og eru upplýsingar um fráveitumál hluti af forsendugögnum skipulagsvinnunnar.

Vegna ábendinga **Samtaka útivistarfélaga** um vistkerfisnálgun og bestu vísindalegu þekkingu þá er bent á að við gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum er horft til fjölmargra þátta er varða nýtingu og vernd svæðisins með það að markmiði að fá yfirsýn yfir málefni hafsins. Þessi gögn eru meðal annars afraksturs rannsókna þeirra stofnana sem fara með viðkomandi málaflokka. Má þar nefna upplýsingar um vistgerðir, dýralíf, loftslagsbreytingar og verndarsvæði og einnig um burðarþol og áhættumat erfðablöndunar í fiskeldi. Að auki eru leyfisveitingar fyrir starfsemi á haf- og strandsvæðum í ákveðnum tilfellum háðar mati á umhverfisáhrifum sem einnig byggja á rannsóknum á mikilvægum umhverfisþáttum. Varðandi fyrirspurn um merkingu á hugtakinu seiglu þá er í [Landsskipulagsstefnu 2015-2026](#) sett fram skilgreining á hugtökunum *sveigjanleika* og *seiglu* í skipulagsgerð. Þar segir að:

*„Auk þess að skipulagi sé ætlað að stuðla að sjálfbærri þróun, er jafnframt í auknum mæli horft til þess að skipulagsákvæðanir stuðli að því að byggt umhverfi hafi sveigjanleika og seiglu (e. resilience) gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum. Á næstu áratugum má gera ráð fyrir samfélagsbreytingum sem tengjast breyttri aldurssamsetningu, þar sem þeim fer fjölgandi sem tilheyra elstu aldursflokkunum. Það getur haft í för með sér breytingar á þörf og eftirspurn eftir húsnæði og aðrar breytingar tengdar daglegu umhverfi fólks. Þá er fjárfjáránlegt að umhverfisbreytingar af völdum loftslagsbreytinga muni fela í sér nýjar áskoranir fyrir skipulagsgerð og hið byggða umhverfi. Það varðar til dæmis hækkun sjávarborðs og bráðnun jökla. Slíkar áskoranir kalla á að skipulag byggðar sé sveigjanlegt gagnvart breytingum og hafi til að bera seiglu til að geta svarað breyttum þörfum og aðstæðum. Því er gert ráð fyrir að seigla og sveigjanleiki verði leidarstef fyrir öll viðfangsefni landsskipulagsstefnu.“ (Landsskipulagsstefna 2015-2026 ásamt greinargerð, 2016. Bls. 8)*

# Forsendugreining

## HELSTU ATRÍÐI FRAMKOMINNA ATHUGASEMDA

Í athugasemdum **Umhverfisstofnunar** kemur fram að ekkert þýningarsvæði er skilgreint innan strandsvæða á Austfjörðum eða Vestfjörðum. Fyrirhugað sé, skv. bréfi frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, að fella út ákvæði í reglugerðum um þýningarsvæði og því ekki útlit fyrir að þýningarsvæði verði skilgreint úr þessu. Þá bendir stofnunin einnig á varðandi forsendubáttinn dýralíf og sjávargróður að í vinnu við innleiðingu stjórnar vatnamála hafa verið samþykktir líffræðilegir gæðaðættir fyrir strandsjó sem notaðir verða til að meta vistfræðilegt ástand sjávarhlota. Upplýsingum verður safnað í gegnum vöktunaráætlun sem er í vinnslu í tengslum við gerð fyrstu vatnaáætlunar. Þá bendir Umhverfisstofnun einnig á mikilvægi þess að viðtaki sé skilgreindur í samræmi við ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

**Minjastofnun** bendir á að til þess að stuðla að vernd menningarminja þarf að skrá þær. Slík vinna er hluti af því að lýsa umhverfi og aðstæðum á skipulagssvæðinu og nauðsynleg til þess að hægt sé að gera grein fyrir áhrifum skipulagsins á menningarminjar. Heildarskráning minja liggur ekki fyrir en víða hafa skráningar farið fram í tengslum við önnur verkefni. Stofnunin telur mikilvægt að afla upplýsinga um menningarminjar í næsta nágreinni skipulagssvæðisins eins og boðað er í lýsingunni. Þar sem um sé að ræða stefnumótandi skipulag gerir Minjastofnun sömu kröfu og til aðalskipulagsáætlana sveitarfélaga og vísar í reglur um skráningu jarðfastra minja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019, þar sem fjallað er um skráningu í tengslum við gerð aðalskipulags. Í reglunum kemur fram að fornleifar, hús, mannvirki í þéttbýli og á svæðum þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir sem valda jarðraski á skipulagstímanum skulu skráðar á vettvangi. Þessi skráning á einnig við um framkvæmdir í sjó og vötnum. Þá er vísað til 2. mgr. 10. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða þar sem fjallað er um að taka beri mið af stjórnvaldsfyrirmælum, öðrum lögum og lögbundnum ákvörðunum. **Samtök útivistarfélaga** fjalla einnig um menningarminjar og telja mikilvægt að gera menningaminjum við ströndina sem tengjast samgöngum á sjó og atvinnuháttum fyrri tíma skil í strandsvæðisskipulagi og eru vitar nefndir sérstaklega.

**Samgöngustofa** bendir á nokkra þætti sem hafa beri í huga við gerð strandsvæðisskipulags. Nefnir Samgöngustofa skilgreind skipaafdrepp innan og utan hafna, akkerislægi skipa, skilgreining hafnarsvæða í hafnarreglugerðum og upplýsingum um sjómerkí. Þá telur stofnunin æskilegt að kortleggja legu núverandi strengja og lagna í sjó og, eftir því sem kostur er, huga að framtíðarstaðsetningu þeirra.

**Landhelgisgæslan** bendir á að stofnunin hafi það hlutverk að sjá um sjómælingar meðfram strönd landsins, utan hafna og í efnahagslögsögunni. Lögð sé áhersla á mælingar á grunnsævi með tilliti til öryggis siglinga og búi Landhelgisgæslan því yfir dýptargögnum á skipulagssvæðinu. Gögn Hafrannsóknastofnunar sem vísað er til í lýsingu séu utar á landgrunninu og á djúpslóð. Þá bendir **Veðurstofan** einnig á gögn sem stofnunin býr yfir um sjávarflóð.

**Æðarræktarfélag Íslands** telur að þekking á lífsháttum æðarfuglsins og ástand vistkerfisins sem hann lifir í sé grundvallarforsenda fyrir strandsvæðisskipulagi og veitingu leyfa til nýtingar á strandsvæðum, ekki síst vegna fækkunar í stofninum sem orðið hefur á síðustu árum. Félagið telur nauðsynlegt að kortleggja öll þau svæði



(varpsvæði, vetrarstöðvar og fjaðrafellistöðvar) sem æðarflug heldur sig á, þar með talið öll æðarvörp en ekki einungis friðlýst æðarvörp. Félagið vinnur að gagnagrunni um öll æðarvörp landsins í samvinnu við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og býður svæðisráði kortið þegar það liggur fyrir. Þá sendir **Íris Birgisdóttir** inn upplýsingar um friðað æðarvarp og dúntekju í landi Framness við Berufjörð.

**Samtök útivistarféлага** vísar í töflu yfir forsenduþætti og fjallar um þekkt kalkþörungasvæði og nefnir Orkustofnun í því samhengi. Bent er á að ekki sé ljóst um hvaða tilteknu þekktu kalkþörungasvæði er að ræða og jafnframt segir í umsögninni að „gott væri að talað sé skýrara og tengslum á milli aðila jafnvel gerð betri skil“. Í umsögninni segir einnig um yfirlitstöflu yfir forsendur sem safnað verður upplýsinga um: „sum staðar er aðeins einn umsagnaraðili. Oft er það í góðu lagi en oft mættu tveir eða fleiri aðilar koma að málefnum s.s hvað varðar Burðarþolsmat og Áhættumat“. Jafnframt er fjallað um „umsagnaraðila“ um gögn í töflu yfir forsendur sem leggja á til grundvallar í skipulaginu.

**Davíð Freyr Jónsson** bendir á að ígulker, sæbjúgu, öðuskel og mögulega grjótkrabbi séu nytjategundir í dag, veiddar í merkjanlegu magni og eiga talsverða möguleika á að verða að frekari nytjum bæði á Austfjörðum og Vestfjörðum. Bendir Davíð á að horfa þurfi til upplýsingar um veiðar á þessum tegundum og þess gætt að ekki verði þrengt að þróun veiðanna. **Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi** telja einnig mikilvægt að þó að efnistöð strandsvæðisskipulags nái ekki til nýtingar og verndar fiskistofna þá sé tekið tillit til upplýsinga um nýtingu og vernd þeirra við gerð skipulagsins.

**Fiskeldi Austfjarða** leggur áherslu á að upplýsingar um mál sem eru í formlegu ferli við mat á umhverfisáhrifum hjá Skipulagsstofnun séu nýttar við gerð strandsvæðisskipulagsins. Einnig er bent á að fyrirtækið sé að vinna að breytingum á eldissvæðum og óskar eftir að horft verði til slíkra mála við gerð skipulagsins. Þá bendir fyrirtækið á að ekki liggi fyrir hvernig Hafrannsóknastofnun muni skipta hafsvæðum í eldissvæði. Fiskeldi Austfjarða telur æskilegt, að þó að strandsvæðisskipulagið geti tekið gildi áður en skipting hafsvæða í eldissvæði liggur fyrir, að svæðaskiptingin liggi fyrir áður en vinnu við gerð strandsvæðisskipulagsins lýkur. Í ábendingunni er einnig gerð grein fyrir eldissvæðum fyrirtækisins og starfsemi þess.

## UMSÖGN SVÆÐISRÁÐS

Vegna ábending **Umhverfisstofnunar** um þynningarsvæði þá er bent á að í forsendugreiningunni er aflað upplýsinga um aðliggjandi svæði þ.e. 250 m upp á land frá strandlínu og 1 sjómílu út fyrir grunnlínu. Það er talið mikilvægt til að ná saman grunnögnum um nánasta umhverfi skipulagssvæðisins. Innan fyrrgreindra marka er að minnsta kosti eitt þynningarsvæði á Austfjörðum svo vitað sé. Fylgst verður með breytingum á starfsleyfum og ákvæðum reglugerða um þynningarsvæði sem Umhverfisstofnun bendir á að sé í undirbúningi. Í lýsingunni eru vatnshlot skilgreind sem einn af forsenduþáttum strandsvæðisskipulags á Austfjörðum og verður einnig horft til upplýsingar um ástand þeirra.

Varðandi fráveitumál þá hefur fyrirkomulag fráveitumála áhrif á skipulagssvæðið og þarf að taka tillit til þess í skipulagsvinnunni og huga að samræmi á milli skipulags á landi og strandsvæðisskipulags. Horft verður til ábendinga um skilgreiningu á viðtaka en einnig er bent á að fyrirkomulag fráveitumála er á hendi sveitarstjórna viðkomandi sveitarfélags. Í aðalskipulagi sveitarfélags skal móta stefnu um veitur og



gera grein fyrir þeim og helgunarsvæði þeirra á uppdráttum og/eða í greinargerð (sjá einnig undir „Viðfangsefni og áherslur“).

Svæðisráð tekur undir ábendingar **Minjastofnunar og Samtaka útivistarfélaga** um mikilvægi menningarlandslags á strandsvæðum og þekkingar á menningarminjum, áhrifum á þær og verndun minjanna. Varðandi ábendingu um skráningu menningarminja samkvæmt reglum nr. 620/2019 er bent á að reglurnar miðast við aðal- og deiliskipulagsgerð sveitarfélaga en ekki strandsvæðisskipulag.

Svæðisráð tekur undir ábendingar **Samgöngustofu** um að horfa þurfi til mannvirkja, afmörkunar hafna og skilgreindra skipafdrepa og akkerislægja og bendir jafnframt á að þessir þættir eru tilgreindir í töflu yfir þær forsendur sem horft verður til við gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum. Svæðisráð þakkar ábendingar um tiltæk gögn hjá Landhelgisgæslunni og Veðurstofu Íslands. Við undirbúning tillögu að strandsvæðisskipulagi verður horft til þeirra.

Hvað varðar ábendingar **Æðarræktarfélagins** um þekkingu á búsvæðum hans er bent á að horft verður til tiltækra gagna sem snúa að fuglalífi á svæðunum, þar á meðal afmörkun á mikilvægum fuglasvæðum sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur skilgreint og gögn um friðlýst æðarvörp. Svæðisráð þakkar ábendingar og boð um aðgengi að gagnagrunni um öll æðarvörp landsins. Þau gögn verða tekin til skoðunar eftir því sem þau verða aðgengileg innan vinnslutíma strandsvæðisskipulagsins (sjá einnig svör undir kaflanum „Viðfangsefni og áherslur“).

Vegna ábendingu **Samtaka útivistarfélaga** um þekkt kalkþörungasvæði þá er í lýsingu settur fram listi yfir þá forsenduþætti sem afla á upplýsinga um og horft verður til við gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum. Í lýsingu er ekki búið að kortleggja staðsetningu og umfang þeirra. Það er hluti af vinnu við gerð skipulagsins. Varðandi ábendingu um umsagnaraðila í forsendutöflu þá er þar vísað til þeirra aðila sem búa yfir gögnum um viðkomandi forsenduþátt, hér er ekki um að ræða umsagnaraðila.

Hvað varðar ábendingar **Davíðs Freys Jónssonar og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi** verður við gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum aflað upplýsinga hjá Hafrannsóknastofnun um hvar veiðar eru stundaðar á skipulagssvæðinu, þ.m.t. upplýsingar um veiðar á ígulkerum og sæbjúgum. Horft verður til sjónarmiða um veiðar á skipulagssvæðinu en jafnframt er bent á að hlutverk strandsvæðisskipulags er að horfa heildstætt á margvíslega hagsmuni og sjónarmið um nýtingu og vernd á svæðinu sem vega þarf saman þegar tekin er ákvörðun um framtíðarnýtingu svæðisins.

Vegna athugasemda **Fiskeldis Austfjarða** um að leggja áherslu á mál sem eru í vinnslu þá verður horft til þeirra mála sem eru í ferli á Skipulagsstofnun á grundvelli bráðabirgðaákvæðis II í lögum um fiskeldi og einnig verður fylgst með málum sem eru í vinnslu vegna breytinga á leyfum. Skipting hafsvæða í eldissvæði er ein af þeim forsendum sem horft er til við gerð strandsvæðisskipulagsins, liggja hún fyrir. Bent er á að hlutverk skipulagsins er að horfa heildstætt á margvíslega hagsmuni og sjónarmið um nýtingu og vernd á svæðinu sem vega þarf saman þegar teknar eru ákvarðanir um framtíðarnýtingu svæðisins. Eins og tilgreint er í lýsingunni þá verður upplýsingum um starfs- og rekstrarleyfi í fiskeldi sem þegar eru í gildi safnað saman til þess að fá heildarmynd af fiskeldi á svæðinu, þar með talið leyfum sem Fiskeldi Austfjarða hefur bent á.

# Umhverfismat og aðrar áætlanir

## HELSTU ATRÍÐI FRAMKOMINNA ATHUGASEMDA

**Fjarðabyggð** áréttar að stefnuþættir Fjarðabyggðar í fiskeldi séu hluti af stefnu sveitarfélagsins um nýtingu strandsvæða við strendur þess og ætti að horfa til þeirra í vinnu við gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum.

Í athugasemd **Umhverfisstofnunar** er bent á að unnið sé að gerð vatnaáætlunar í samræmi við lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 en þau taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósvatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap. Stofnunin bendir á að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna skuli vera í samræmi við stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Þá kemur fram að áætlað er að vatnaáætlun taki gildi árið 2022.

**Minjastofnun** bendir á að unnið er að stefnumótun um menningarminjar og að því verði lokið fyrir árslok 2020.

**Umhverfisstofnun** bendir á áætlun stjórnvalda í loftgæðum á Íslandi 2018-2029 sem ber heitið *Hreint loft til framtíðar*. Í áætluninni eru sett fram markmið, áætlanir og aðgerðir sem stuðla að bættum loftgæðum á Íslandi. Þá bendir stofnunin einnig á að í aðgerðaráætlun í loftslagsmálum er rafvæðing hafna hluti af aðgerðum stjórnvalda í loftslagsmálum sem æskilegt sé að taka tillit til við vinnslu skipulagsins.

**Umhverfisstofnun** bendir á að æskilegt væri að tala um umhverfisvísinn „ástand strandsjávar“ frekar en „staða strandsjávarhlota“ í umhverfismati strandsvæðisskipulagsins.

## UMSÖGN SVÆÐISRÁÐS

Svæðisráðið tekur undir að horfa eigi til stefnu stjórnvalda um loftgæði á Íslandi við mótun strandsvæðisskipulags á Austfjörðum en einnig er bent á að aðgerðaráætlun í loftslagsmálum er talin upp lýsingunni sem ein af þeim áætlunum sem horft verður til við mótun skipulagsins. Þá verður horft til stefnuþátta Fjarðabyggðar í fiskeldi við gerð strandsvæðisskipulagsins. Varðandi ábendingar um stefnumótun í vinnslu þá mun svæðisráð fylgjast með mótun vatnaáætlunar og mótun stefnu um menningarminjar við gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum.

Tekið verður mið af ábendingu um umhverfisvísi tengt vatnshlotum.

# Aðrar athugasemdir

## HELSTU ATRÍÐI FRAMKOMINNA ATHUGASEMDA

**Seyðisfjarðarhöfn** fjallar um mörk hafna og leggur hafnarmálaráð „áherslu á að sveitarfélagið hefur skipulagsvald innan skilgreindra hafnarmarka þegar kemur að strandsvæðisskipulagi fiskeldis í sjó“.

**Landhelgisgæslan** bendir á að í fjölmörgum lögum og reglugerðum er vísað til stórstraumsfjörumarka eða netlaga sem miðast við 115 m út frá stórstraumsfjöruborði. Þessi viðmiðunarlína sé þó ekki þekkt, hafi ekki verið mæld eða kortlögð. Telur Landhelgisgæslan það geta orðið strandsvæðisskipulagi fjötur um fót og mælist til þess að hið opinbera vinni að því að kortleggja stórstraumsfjöruborð. Í ábendingum Landhelgisgæslunnar koma einnig fram almennar upplýsingar um stórstraumsfjöruborð í sjó kortum.

Í athugasemd **Landhelgisgæslunnar** er einnig fjallað um skýringarmynd um landfræðilega afmörkun strandsvæðisskipulags, aðalskipulags sveitarfélaga og landsskipulagsstefnu. Óskað er eftir því að skýring sé sett við brotalínu sem tákna ytri mörk skipulagssvæðisins þ.e. viðmiðunarlínu sem skilgreind er í lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

**Minjastofnun** vill koma þeirri ábendingu á framfæri „að það sé misjafnt hvaða stjórnvald fari með ábyrgð á skipulagi haf- og strandsvæða og leyfisveitingum til framkvæmda á þeim en ríkið fari með lögsögu utan netlaga.“ Áréttað er mikilvægi þess að öll framkvæmdamál komi inn til umsagnar Minjastofnunar, óháð því hvort um sé ræða framkvæmdir innan eða utan netlaga.

**Vegagerðin** óskar eftir því að fá skipulagið sent á öllum stigum og að samráð verði haft við Vegagerðina vegna þeirra þátta sem að henni snúa.

**Benedikt Vilhjálmsson Warén** fjallar um sögu hafna og skipaumferðar um Héraðsflóa og áforma um rannsóknir á hafnarstæðum sem ekki varð af. Jafnframt er fjallað um aðstæður á flóanum og að hann liggi ekki jafn illa við öldu úthafsins eins margir kynnu að halda. Í því samhengi er fjallað um hvernig hægt væri að nýta svæðið meðal annar til uppbyggingu flugvallar og stórskipahafnar t.d. vegna pólsiglinga. Þá er fjallað um hvaða ávinning þesskonar uppbygging getur haft á svæðið, þ.e. fyrir atvinnulíf og efnahag.

## UMSÖGN SVÆÐISRÁÐS

Vegna athugasemda **Seyðisfjarðarhafnar** um skipulagsvald innan hafnarmarka er bent á að samkvæmt skipulagslögum fara sveitarstjórnir með ábyrgð á gerð skipulagsáætlana innan lögsögumarka sveitarfélaga, sem miðast við netlög til hafs. Netlög ná 115 m út frá stórstraumsfjöruborði. Utan netlaga fara svæðisráð með gerð strandsvæðisskipulags samkvæmt lögum um skipulag haf- og strandsvæða. Hluti hafnarsvæðis Seyðisfjarðar liggur utan netlaga og er því hluti þess svæðis sem strandsvæðisskipulag Austfjarða tekur til, sbr. 3. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða og ákvæði I til bráðabirgða við lög. Í 7. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða kemur fram að svæðisráð skuli hafa sérstakt samráð við hafnarstjórnir vegna hafnarsvæða. Í skýringum við greinina kemur fram að mikilvægt sé að samráð sé haft við hafnarstjórn í ljósi þess að í hafnarlögum segi að skipulag hafnarsvæðis

skuli ætíð miðast við þarfir hafnar. Þar sé einnig kveðið á um gerð hafnarreglugerða sem tilgreini mörk hafna auk annarra ákvæða um öryggi og stjórnun hafna. Til þessara atriða beri að líta við gerð strandsvæðisskipulags og því þörf á að leita eftir sjónarmiðum viðkomandi hafnarstjórna. Þá er einnig rétt að vekja athygli á að samkvæmt lögum um skipulag haf- og strandsvæða skal við gerð strandsvæðisskipulags taka mið af stjórnvaldsfyrirmælum, öðrum lögum og lögbundnum ákvörðunum um nýtingu og vernd haf- og strandsvæða þar sem tiltekin starfsemi er t.d. takmörkuð eða bönnuð.

Hvað varðar ábendingar **Landhelgisgæslunnar** um kortlagningu á stórstraumsfjöruborði og mörkum netlaga þá tekur svæðisráð undir að kortleggja þurfi þessi viðmið sem svo oft er vísað til. Þessi óvissa getur haft áhrif á einstaka staði en að mati svæðisráðs mun þessi óvissa um nákvæmni markanna þó ekki hafa áhrif á stefnumótun strandsvæðisskipulags á Austfjörðum. Varðandi ábendingar um skýringarmynd af landfræðilegri afmörkun skipulagsgerðar á sjó og landi er bent á að brotalína, sem táknar ytri mörk skipulagssvæðisins er merkt á umræddri mynd. Skoðað verður að gera breytingar á myndinni áður en hún er birt annars staðar.

Varðandi ábendingu **Minjastofnunar** um ábyrgð á gerð skipulags á haf- og strandsvæðum er bent á að skv. lögum um skipulag haf- og strandsvæða er það svæðisráðið sem ber ábyrgð á gerð strandsvæðisskipulags og er árettað að skipulagssvæðið nær frá netlögum að viðmiðunarlínu sem skilgreind er í lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Stofnanir ríkisins veita leyfi fyrir framkvæmdum á haf- og strandsvæðum.

**Vegagerðin** er í lögum um skipulag haf- og strandsvæða skilgreind sem ráðgefandi aðili ásamt fleiri stofnunum og vatnasvæðanefnd. Ráðgefandi aðilar eru svæðisráðinu og Skipulagsstofnun til ráðgjafar í ferlinu um málefni á sínu fagsviði sem varðar skipulagssvæðið og gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum. Sem slík verður leitað eftir umsögn Vegagerðarinnar um tillögu að strandsvæðisskipulagi þegar hún er auglýst til kynningar. Jafnframt fær stofnunin upplýsingar um það þegar nýtt efni er gefið út og um kynningar- og samráðsfundi við gerð strandsvæðisskipulagsins.

Vegna ábendinga **Benedikts Vilhjálmssonar Warén** um nýtingu Héraðsflóa er bent á að hann liggur fyrir utan það svæði sem nú er til umfjöllunar, en skipulagssvæðið nær frá Almenningsfles í norðri að Hvítungum í suðri. Afmörkun svæðisins er ákveðin í lögum um skipulag haf- og strandsvæða. Jafnframt er bent á að sú starfsemi sem fram fer á svæðum nærri skipulagssvæðinu hefur áhrif á umhverfi og starfsemi á skipulagssvæðinu.